

VI. KAFLI
Gildistaka o. fl.
 89. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin frá sama tíma sjómannalög, nr. 67/1963, með áorðnum breytingum.

Reglur, sem samgönguráðherra hefur sett með heimild í l. nr. 67/1963, skulu þó halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til nýjar reglur verða settar í þeirra stað.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga þessara um lágmarksaldur sjómanna skulu ganga framar ákvæði um sama efni í 2. mgr. 41. gr. l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
 (L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem virkjunin tekur, eða vegna eignafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi, svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Skeiðsfossvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum virkjunarinnar skv. öðrum lagafyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.
 (L. S.)

Sverrir Hermannsson.